

Fundarnúmer:	149
Dagsetning:	09.10.2008
Tími:	15:00
Staður:	Fundarsalur Ráðhúss

Árið 2008 fimmtudaginn 9. október kom sveitarstjórn Húnaþings vestra saman til 149. fundar í Ráðhúsi Húnaþings vestra kl. 15:00. Mætt undirrituð. Oddviti setti fund. Gengið var til dagskrár.

1. Fundargerðir byggðarráðs. Oddviti kynnti.

a) Fundargerð 556. fundar 1. september. Fundargerð í 5 liðum. Fundargerðin samþykkt með 7 atkvæðum.

b) Fundargerð 557. fundar 8. september. Fundargerð í 12 liðum. Lögð var fram svohljóðandi tillaga vegna 3. liðar: „Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkir að ráða Sigurð Þór Ágústsson í stöðu skólastjóra Grunnskóla Húnaþings vestra.“ Borinn undir atkvæði 3. liður fundargerðarinnar ásamt framangreindri tillögu og samþykkt með 7 atkvæðum. Aðrir liðir fundargerðarinnar samþykktir með 7 atkvæðum.

c) Fundargerð 558. fundar 15. september. Fundargerð í 4 liðum. Lögð var fram svohljóðandi tillaga vegna 1. liðar: „Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkir að framlengja ráðningu Odds Gíslasonar í stöðu félagsmálastjóra Húnaþings vestra til 1. júlí nk.“ Borinn undir atkvæði 1. liður fundargerðarinnar ásamt framangreindri tillögu og samþykkt með 7 atkvæðum. Aðrir liðir fundargerðarinnar samþykktir með 7 atkvæðum.

d) Fundargerð 559. fundar 22. september. Fundargerð í 7 liðum. Fundargerðin samþykkt með 7 atkvæðum.

e) Fundargerð 560. fundar 29. september. Fundargerð í 5 liðum. Fundargerðin samþykkt með 7 atkvæðum.

f) Fundargerð 561. fundar 6. október. Fundargerð í 9 liðum. Fundargerðin samþykkt með 7 atkvæðum.

2. Fundargerð 91. fundar félagsmálaráðs 24. september. Fundargerð í 5 liðum. Oddviti kynnti. Fundargerðin samþykkt með 7 atkvæðum.

3. Fundargerð 103. fundar fræðsluráðs 8. október. Fundargerð í 2 liðum. Oddviti kynnti. Fundargerðin samþykkt með 7 atkvæðum.

4. Fundargerðir skipulags- og umhverfisráðs. Oddviti kynnti.

a) Fundargerð 151. fundar 4. september. Fundargerð í 9 liðum. Lögð var fram svohljóðandi tillaga vegna 4. liðar: „Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkir að fresta afgreiðslu á tillögu ráðsins um auglýsingu og kynningu tillagna um breytingu á deiliskipulagi fyrir athafnasvæði við Búland og smábýli við Höfðabraut ásamt tillögu að breytingu á þéttbýlisupprætti fyrir Hvammstanga í aðalskipulagi Húnaþings vestra 2002-2014 vegna Höfðabrautar, Eyrarlands og Búlands.“ Borinn undir atkvæði 4. liður fundargerðarinnar ásamt framangreindri tillögu og samþykkt með 7 atkvæðum. Borinn undir atkvæði 3. liður fundargerðarinnar og samþykktur með 6 atkvæðum. Bornir undir atkvæði 1.,2.,6.,7.,8. og 9. liðir fundargerðarinnar og samþykktir með 7 atkvæðum. Við afgreiðslu og umræðu 5. liðar fundargerðarinnar vék Guðný Helga Björnsdóttir af fundi vegna vanhæfis. Þar sem varaoddviti var ekki mætt á fundinum tók aldursforseti Heimir Ágústsson við fundarstjórn meðan þessi liður var afgreiddur. Lagðar voru fram svohljóðandi tillögur vegna 5. liðar: a. „Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkir að auglýsa og kynna tillögu að breytingu á aðalskipulagi Húnaþings vestra 2002-2014 sem nær til jarðarinnar Bessastaða á Heggssstaðanesi sbr. ákvæði 17. gr. skipulags- og byggingarlaga.“ b. „Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkir að auglýsa og kynna tillögu að deiliskipulagi jarðarinnar Bessastaða á Heggssstaðanesi. Deiliskipulagstillagan er í samræmi við tillögu að breytingu á aðalskipulagi Húnaþings vestra 2002-2014 sem nær til jarðarinnar Bessastaða á Heggssstaðanesi.“ Borinn undir atkvæði 5. liður fundargerðarinnar

ásamt framangreindum tillögum og samþykkt með 6 atkvæðum.

b) Fundargerð 152. fundar 6. október. Fundargerð í 9 liðum. Heimir Ágústsson óskaði bókað að hann taki ekki þátt í afgreiðslu 5. liðar vegna vanhæfis. Borinn undir atkvæði 5. liður fundargerðarinnar og samþykktur með 6 atkvæðum. Aðrir liðir fundargerðarinnar samþykktir með 7 atkvæðum.

5. Endurskoðun fjárhagsáætlunar 2008. Skrifstofustjóri og sveitarstjóri lögðu fram og skýrðu endurskoðaða fjárhagsáætlun fyrir sveitarsjóð Húnaþings vestra og fyrirtækja árið 2008. Lögð var fram svohljóðandi tillaga: „Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkir endurskoðaða fjárhagsáætlun fyrir sveitarsjóð Húnaþings vestra og fyrirtækja árið 2008.“ Að loknum umræðum var tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 4 atkvæðum. Fleira ekki fyrir tekið. Fundi slitið kl. 17:45.

Ólafur B. Óskarsson fundarritari (sign.),
Guðný Helga Björnsdóttir(sign.), Halldór Sigfússon(sign.),
Þ. Karl Eggertsson(sign.), Guðmundur St. Sigurðsson(sign.),
Gunnar Þorgeirsson(sign.), Oddur Sigurðarson(sign.),
Heimir Ágústsson(sign.), Skúli Þórðarson(sign.).